

Samanburður á íshlutfalli vigtunarleyfishafa og fiskmarkaða með og án eftirlits Fiskistofu

Fiskistofa birtir hér niðurstöður eftirlits með endurvigtun m.t.t. íshlutfalls hjá þeim vigtunarleyfishöfum sem sættu eftirliti frá 1. janúar 2024. Séu veruleg frávik á íshlutfalli í afla skips miðað við meðaltalsíshlutfall skipsins í fyrri löndunum er Fiskistofu heimilt að fylgjast með vigtun hlutaðeigandi vigtunarleyfishafa á hans kostnað í allt að sex vikur. Þær vigtanir eru sérstaklega merktar með vínrauðum lit en rauðu súlurnar sína hefðbundið eftirlit með vigtun. Bláu súlurnar sýna aðrar vigtanir vigtunarleyfishafa sem ekki sættu eftirliti.

Skýrslan sýnir landaðan afla sem er endurvigtaður til vinnslu. Skýrslan inniheldur ekki afla sem merktur er sem undirmál, hrogn eða lifur. Aflamagn er yfir 350 kg.

Vinsamlegast athugið að íshlutfall við vigtun hjá vigtunarleyfishöfum sem hafa **tímabundið leyfi til endurvigtunar eftir slægingu** samanstendur af íshlutfalli og slóghlutfalli. Þessar vigtanir eru sérstaklega merktar “Endurvigtun e. slægingu”.


Notkun skýrslunnar

Til að fá sem bestu sýn á þau gögn sem skýrslan kallar fram er gott að síga sig niður á vigtunarleyfishafa, skip, fisktegund og jafnvel tímabil. Sjá betur skýringarmynd á næstu síðu.

Skýrslan er birt með fyrirvara um villur.

Ábendingar skal senda á fiskistofa@fiskistofa.is

Hér er hægt að velja ártal.
Ef báðir flipar eru hvítir þá
eru bæði ár valin.



Hér er hægt að sía niður á
þá vigtunarleyfishafa sem
sætt hafa eftirliti
Fiskistofu á því tímabil
sem valið er.



Hér er hægt að sía niður á
veiðiskip þar sem afli
þeirra hefur verið vigtaður
undir eftirliti Fiskistofu.



Hér er hægt að sía niður
á þann veiðistofn sem
vigtaður var.



Hér er tímabil valið.



Hér er hægt að sía
niður á alla leyfishafa.



Hér er hægt að sía
niður öll veiðiskip.

